

Ár 2019, fimmtudaginn 5. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af meðlimum nefndarinnar Presti Ríkharðssyni, Halldóri Frímanssyni og Sigurði Guðmundssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 12/2019:

Knattspyrnudeild Þór, f.h. Þór/KA/Hamrarnir
gegn
Knattspyrnudeild Þróttar

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Þórs, f.h. Þór/KA/Hamrarnir, kt. 670991-2109,
Skarðshlíð,
603 Akureyri.
Fyrirsvarsmaður: Reimar Helgason.

Kærði:

Knattspyrnufélagið Þróttur, kt. 690476-0299.
Laugardal
104 Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður: Þórir Hákonarson.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 2. september sl. Ekki var óskað eftir greinargerð frá Þrótti þar sem brot var viðurkennt af hálfu félagsins.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik Þróttar og Þór/KA/Hamranna í A deild Íslandsmóts 2. flokks kvenna, sem leikinn var 1. september sl. á Eimskipsvelli, verði breytt og Þór/KA/Hömrnunum úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðanna.

Eins og áður segir þá hefur kærði viðurkennt brot sitt í málinu.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik Þróttar og Þór/KA/Hamranna í A deild Íslandsmóts 2. flokks kvenna, sem leikinn var 1. september sl. á Eimskipsvelli, hafi Þróttur teft fram eldri leikmanni, Þórkötlunni Maríu Halldórsdóttur (1999) sem hafði einnig tekið þátt í næsta meistaraflokksleik Þróttar á undan gegn ÍA í Inkasso-deild kvenna á Norðurálsvelli þann 23. ágúst sl.

Með tilvísun til 33. gr. reglugerðar KSÍ er þar ákvæði til bráðabirgðar sem segir „*Heimilt er að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20-22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1997, 1998 og 1999) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan*“.

Reglurnar séu skýrar, það megi ekki nota eldri leikmann í leik 2. flokks sem lék leik með meistaraflokki í leik þar á undan. Leikmaðurinn hljóti því að teljast ólöglegur í umræddum leik 2. flokks.

Kærandi vísar til leikskýrslna á vef KSÍ máli sínu til staðfestingar.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna þess að því er haldið fram að hið kærða félag Þróttur hafi teft fram ólöglega skipuðu liði í leik Þróttar og Þór/KA/Hamranna í A deild Íslandsmóts 2. flokks kvenna, sem leikinn var 1. september sl. á Eimskipsvelli. Fyrir liggur í gögnum málsins að í umræddum leik hafi leikmaður fæddur árið 1999 tekið þátt í leiknum sem einnig hafði leikið með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan. Um ræðir leik ÍA og Þróttar R. í Inkasso-deild kvenna sem fram fór þann 23. ágúst.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann veg að kæranda, Þór/KA/Hömrnunum, er úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðanna þann 1. september 2019 í A deild 2. flokks Íslandsmóts kvenna.

Skýlt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að úrskurða kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 10.000,- í sekt til KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Þróttar og Þór/KA/Hamranna í A deild 2. flokks Íslandsmóts kvenna, sem leikinn var á Eimskipsvelli þann 1. september sl., er breytt og Þór/KA/Hömrnunum úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum.

Kærði, Þróttur, greiði kr. 10.000,- í sekt til KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Pröstur Ríkharðsson [sign]

Halldór Frímansson [sign]

Sigurður Guðmundsson [sign]